

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir starfsmannahús í Þjóðgarðinum í Skaftafelli í Örfum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 21. maí 2002, samþykkt deiliskipulag af svæði fyrir starfsmannahús í Þjóðgarðinum í Skaftafelli, Örfum.

Deiliskipulagið felur í sér, annars vegar breytingu núverandi gripahúsa í starfsmanna- og aðstöðuhús, og hins vegar nýtt hús fyrir starfsmenn þjóðgarðsins. (Um er að ræða svæði á aurunum framan við brekkurætur, neðan Skaftafellsbæja).

Deiliskipulagið er unnið af Fjölhönnun, verkfræðistofu, Þingholtsstræti 17, Reykjavík, dagsett 11. apríl 2002.

Deiliskipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 1. júní 2002 til 29. júní 2002. Frestur til að skila athugasemdum var til 15. júlí 2002. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar, og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 6. ágúst 2002.

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Austur-Skaftafellssýslu.